

# Erindisbréf fyrir umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings

1. gr.

## Markmið.

Stjórnskipulag Múlaþings byggir á einfaldri og skilvirkri stjórnsýslu, ásamt valddreifingu til heimastjórna í samræmi við *samþykkt um stjórn Múlaþings* og viðauka um fullnaðarafgreiðslu ráða, stjórna og nefnda í stjórnsýslu sveitarfélagsins.

2. gr.

## Um hlutverk ráðsins.

Umhverfis- og framkvæmdaráð er eitt þriggja fagraða Múlaþings og annast þau störf sem sveitarstjórn felur ráðinu á sviði umhverfis-, framkvæmda- og hafnarmála ásamt því að fara með verkefni skipulagsnefndar skv. 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, byggingarnefndar skv. 7. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og umferðarfræðslu skv. 112. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Ráðið fer með verkefni hafnarstjórnar og ber stjórnunarlega ábyrgð á höfnum sveitarfélagsins í samræmi við hafnalög nr. 61/2003 og hafnarreglugerðir nr. 292/2005, 295/2005 og nr. 275/2006, með síðari breytingum.

Umhverfis- og framkvæmdaráð starfar í samræmi við stefnumótun, samþykktir og áætlanir sveitarstjórnar Múlaþings. Umhverfis- og framkvæmdaráði er heimilt að veita styrki til verkefna sem samræmast stefnumótun sveitarstjórnar og fjárhagsáætlun.

3. gr.

Helstu hlutverk umhverfis- og framkvæmdaráðs eru:

- að gera tillögur til sveitarstjórnar um stefnumörkun í umhverfismálum, á sviði málefna dreifbýlis og hálendis í sveitarfélaginu, hafnamála, í fasteignastjórnun og í skipulags- og byggingarmálum og hafa eftirlit með að stefna sveitarfélagsins á hverjum tíma sé haldin,
- hefur frumkvæði að gerð þróunaráætlana og gerir tillögur til sveitarstjórnar um aðalskipulagsáætlanir og breytingar á þeim,
- að gera tillögur til heimastjórna um breytingar á deiliskipulagstillögum á þeirra starfssvæði,
- að gera tillögur um úrbætur og hvað eina sem betur má fara í starfsemi hafna sveitarfélagsins,
- að framfylgja gildandi hafnarreglugerðum í sveitarfélaginu,
- að gera tillögur um reglur og gjaldskrár á sviði umhverfismála, hafnamála, fasteignastjórnunar og reksturs þjónustumiðstöðvar, um úthlutun lóða og gatnagerða- og þjónustugjöld,
- að úthluta lóðum til byggingar íbúða og atvinnuhúsnæðis í sveitarfélaginu,

- að leggja mat á þá þjónustu sem veitt er á vegum sveitarfélagsins í umhverfis-, framkvæmda-, og skipulagsmálum með tölulegum upplýsingum og könnunum á meðal bæjarbúa auk þess að fjalla um ábendingar og athugasemdir sem berast vegna þjónustunnar,
- að fara yfir tillögur stjórnenda að fjárhagsáætlun hvers árs hvað varðar þá liði sem falla undir verksvið ráðsins og gæta þess í ákvörðunum sínum að halda áætlanir þegar að framkvæmdum kemur,
- að vera sveitarstjórn að öðru leyti til ráðuneytis í umhverfis-, framkvæmda og skipulagsmálum.

#### 4. gr.

Meðal verkefna umhverfis- og framkvæmdaráðs er:

- að stuðla að því að umhverfi og ásýnd sveitarfélagsins sé til fyrirmyndar,
- að vinna að endurvinnslu og förgun úrgangs skv. lögum um meðhöndlun úrgangs,
- að bera ábyrgð á að gerð skipulagstillagna í samræmi við skipulagslög,
- að hafa umsjón og eftirlit með framkvæmdum á vegum sveitarfélagsins,
- að gera tillögur um nýframkvæmdir sveitarfélagsins og viðhald fasteigna sveitarfélagsins,
- að fjalla um rekstur og verkefni þjónustumiðstöðva, svo sem viðhaldsáætlanir, verkáætlanir, snjóhreinsun og hálkuvarnir, viðhaldsverkefni gatna og stíga, hreinsun opinna svæða og gatnalýsingu,
- að veita sveitarstjórn umsögn og gera tillögur á sviði sérmálefna dreifbýlisins,
- að gera tillögur um styrkvegi og öflun fjármagns til uppbyggingar þeirra og viðhalds,
- að vera ráðgefandi vegna óbyggðamála og mála er varða hagsmuni íbúa dreifbýlisins vegna verndarsvæða norðan Vatnajökuls og Vatnajökulspjóðgarðs,
- að fara með verkefni umferðarnefndar samkvæmt umferðarlögum,
- að gera tillögur til sveitarstjórnar um skipulag almenningsgangna, m.a. akstursleiðir og staðsetningu biðskýla,
- að hafa umsjón með árlegu vali og veitingu viðurkenninga til fyrirtækja og einstaklinga fyrir fallett umhverfi,
- að hafa umsjón með skipulagi og almennri fegrun opinna svæða í bæjarfélaginu,
- að hafa eftirlit með almennri umhirðu og sorphirðu í bæjarfélaginu,
- að vinna að öðrum þeim verkefnum sem sveitarstjórn felur ráðinu á hverjum tíma.

#### 5. gr.

##### **Ráðningar stjórnenda.**

Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins og ræður stjórnendur umhverfis- og framkvæmdasviðs í samráði við umhverfisráð, sbr. 56. gr. sveitarstjórnarlaga og 52. gr. samþykktar um stjórn Múlaþings og innan fjárheimildar í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Stjórnendur umhverfis- og framkvæmdasviðs eru hafnarstjóri, framkvæmda- og umhverfismálastjóri og slökkviliðsstjóri.

Sveitarstjóri kynnir fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði að til standi að auglýsa starf stjórnanda og leggur fram drög að auglýsingu þess efnis. Í auglýsingu skal a.m.k. koma fram hvaða starf sé laust til umsóknar, hvers eðlis starfið er, lágmarks hæfis- og hæfniskröfur og hvaða megin sjónarmiðum verði fylgt við valið. Umsóknarfrestur skal að jafnaði vera 2 vikur en sveitarstjóra er heimilt að framlengja umsóknarfrest, áður en honum lýkur, ef sérstakar ástæður mæla með því. Þegar umsóknarfresti lýkur

kynnir sveitarstjóri fjölda umsækjenda og hverjir verða boðaðir í viðtöl. Að viðtölum loknum kynnir sveitarstjóri hæfustu umsækjendurna og hver var ráðinn í starfið.

Umhverfis- og framkvæmdaráð er sveitarstjóra til samráðs í ráðningarferlinu en ákvörðunarvaldið er í höndum sveitarstjóra.

Hafi sveitarstjóri í hyggju að segja upp stjórnanda á umhverfis- og framkvæmdasviði, þá kynnir hann þá ákvörðun fyrir ráðinu, ásamt rökstuðningi, áður en sú ákvörðun er tekin.

Um réttindi, skyldur og starfskjör starfsmanna sveitarfélags fer eftir kjara- og ráðningarsamningum, sbr. 57. gr. sveitarstjórnarlaga og 55. gr. samþykktar um stjórn Múlaþings. Um ráðningar stjórnenda Múlaþings fer að öðru leyti eftir stjórnsýslulögum og meginreglum stjórnsýsluréttar um undirbúning ráðningar og mat á hæfni umsækjenda.

6. gr.

#### **Ráðningar annarra starfsmanna.**

Stjórnendur umhverfis- og framkvæmdasviðs ráða stjórnendur stofnana og aðra starfsmenn sviðsins í samráði við sveitarstjóra, sbr. 56. gr. sveitarstjórnarlaga og II. viðauka við samþykkt um stjórn Múlaþings og innan fjárheimildar í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

Stjórnendur umhverfis- og framkvæmdasviðs kynna fyrir sveitarstjóra að til standi að auglýsa starf og leggja fram drög að auglýsingu þess efnis. Í auglýsingu skal a.m.k. koma fram hvaða starf sé laust til umsóknar, hvers eðlis starfið er, lágmarks hæfis- og hæfniskröfur og hvaða meginþingarmíðum verði fylgt við valið. Umsóknarfrestur skal að jafnaði vera 2 vikur en stjórnanda umhverfis- og framkvæmdasviðs er heimilt að framlengja umsóknarfrest, áður en honum lýkur, ef sérstakar ástæður mæla með því. Þegar umsóknarfresti lýkur kynnir stjórnandi fjölda umsækjenda og hverjir verða boðaðir í viðtöl. Að viðtölum loknum kynnir stjórnandi hæfustu umsækjendurna og hver var ráðinn í starfið.

Hafi stjórnandi umhverfis- og framkvæmdasviðs í hyggju að segja upp starfsmanni sveitarfélagsins, þá kynnir hann þá ákvörðun fyrir sveitarstjóra, ásamt rökstuðningi, áður en sú ákvörðun er tekin.

Við ráðningu í tímabundin störf, svo sem til skemmri tíma en sex mánaða, vegna fæðingarorlofs og veikindaforfalla, er heimilt að víkja frá kröfu um auglýsingu starfs.

Stjórnendur stofnana ráða aðra starfsmenn í samráði við sinn næsta yfirmann, sbr. II. viðauka samþykktar um stjórn Múlaþings og innan fjárheimildar í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

Um réttindi, skyldur og starfskjör starfsmanna sveitarfélags fer eftir kjara- og ráðningarsamningum, sbr. 57. gr. sveitarstjórnarlaga og 55. gr. samþykktar um stjórn Múlaþings. Um ráðningar starfsmanna Múlaþings fer að öðru leyti eftir stjórnsýslulögum og meginreglum stjórnsýsluréttar um undirbúning ráðningar og mat á hæfni umsækjenda.

7. gr.

### **Um skipan ráðsins og málsmeðferð.**

Umhverfis- og framkvæmdaráð er skipað sjö aðalmönnum og jafnmörgum til vara, kosnum af sveitarstjórn. Framboðslisti sem á fulltrúa í sveitarstjórn en ekki í umhverfis- og framkvæmdaráði má tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í ráðinu með málfrelsi og tillögurétt.

Sveitarstjórn kýs formann og varaformann ráðsins. Kjörtímabil þess er það sama og sveitarstjórnar. Formaður ákveður dagskrá fundar ráðsins í samstarfi við framkvæmda- og umhverfismálastjóra, hafnarstjóra og slökkvistjóra. Ritari umhverfis- og framkvæmdasviðs sér um að boða til fundar með rafrænu fundarboði ásamt dagskrá og fylgigögnum a.m.k. tveimur sólarhring fyrir fund. Geti fulltrúi í ráðinu ekki sótt fund skal hann tilkynna það formanni ráðsins og boða varamann sinn.

8. gr.

Málsmeðferð ráðsins skal vera í samræmi við ákvæði *sveitarstjórnarlaga, skipulagslaga, stjórnarsýslulaga, samþykktar um stjórn Múlapings, siðareglna fyrir kjörna fulltrúa hjá Múlapingi og góða stjórnarsýsluvenju.*

Um fundarsköp á fundum ráðsins gilda ákvæði *sveitarstjórnarlaga, samþykktar um stjórn og Múlapings og auglýsingar um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna nr. 22/2013.*

Fundir umhverfis- og framkvæmdaráðs skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Heimilt er að opna fund komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki. Fulltrúum í umhverfis- og framkvæmdaráði er almennt heimilt að nota fjarfundarbúnað í samræmi við reglur um framkvæmd fjarfunda sveitarstjórnar, ráða og heimastjórna Múlapings.

Ráðið skal halda gerðabók og skulu fundargerðir þess sendar sveitarstjórn til kynningar. Mál sem þurfa afgreiðslu sveitarstjórnar skuli tekin fyrir sem sérstakur dagskrárliður á fundi sveitarstjórnar. Fundir skulu haldnir að jafnaði þrisvar sinnum í mánuði í samræmi við fundadagatal Múlapings, eða eins oft og þurfa þykir innan fjárheimilda ráðsins. Boða skal til fundar ef meirihluti nefndarmanna fer fram á slíkt.

9. gr.

### **Um fullnaðarafgreiðslu og fjárheimildir.**

Umhverfis- og framkvæmdaráði er heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur innan ráðsins um ákvörðunina. Verði ágreiningur um afgreiðslu mála í umhverfis- og framkvæmdaráði fer málið til afgreiðslu í sveitarstjórn og ber forseta að taka það þar til sérstakrar afgreiðslu.

Umhverfis- og framkvæmdaráð fer með fullnaðarafgreiðslu tiltekinna verkefna skipulagslaga nr. 123/2010 í samræmi við *viðauka I við samþykkt um stjórn Múlapings.*

Byggðarráð úthlutar fjárhagsramma til ráðsins í samræmi við samþykktan fjárhagsramma sveitarstjórnar fyrir næsta fjárhagsár. Umhverfis- og framkvæmdaráð gerir starfsáætlun í samræmi við úthlutaðan fjárhagsramma fyrir næsta starfsár vegna málaflokka sinna. Tillögur um breytingar á þjónustu eða gjaldskrá skal skýra og rökstyðja sérstaklega og þurfa samþykki sveitarstjórnar.

Framkvæmda- og umhverfismálastjóra, hafnarstjóri og slökkvistjóri leggja fram í ráðinu tillögur að fjárhagsáætlunum málaflokka ráðsins, í samstarfi við fjármálastjóra, sem ráðið skal meta og staðfesta að sé í samræmi við starfsáætlun og markaða stefnu.

#### 10. gr.

Framkvæmda- og umhverfismálastjóri, hafnarstjóri og slökkvistjóri sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Formaður ráðsins ákveður með hliðsjón af dagskrá fundar hvort allir starfsmenn ráðsins sitji fund. Starfsmenn eru ráðgjafar ráðsins, undirbúa fundi í samstarfi við formann og framkvæma ákvarðanir ráðsins eftir að sveitarstjórn eða eftir atvikum heimastjórn hefur staðfest þær, sjá þó ákvarðanir sem ráðinu er heimilt að afgreiða án staðfestingar sveitarstjórnar.

Ritari á umhverfis- og framkvæmdasviði sér um ritun fundargerða og frágang skjala eftir fundi, nema ráðið ákveði annað.

Um starfsmannamál fer eftir *mannauðsstefnu Múlapings*.

Mál sem starfsmenn afgreiða í umboði umhverfis- og framkvæmdaráðs skulu kynnt ráðinu með skriflegri skýrslu á næsta fundi ráðsins.

#### 11. gr.

Séu ákvæði í lögum eða samstarfssamningum um seturétt aðila utan ráðsins, þegar málefni þeim tengd eru til umfjöllunar, skal formaður gæta þess að þau ákvæði séu uppfyllt. Seturéttur fulltrúa afmarkast við umfjöllun ráðsins um þau málefni sem fulltrúi er skipaður til að fjalla um. Að umfjöllun lokinni skulu fulltrúar víkja af fundi.

Fulltrúi í umhverfis- og framkvæmdaráði skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að fulltrúi lætur af störfum. Ákvæði þetta gildir einnig um aðra fundarmenn á fundum umhverfis- og framkvæmdaráðs. Fulltrúi skal víkja af fundi, og kalla til varamann, tengist hann einstaklingum eða málum, sem fjallað er um í ráðinu, þannig að spilt geti óhlutdrægni hans og valdið tortryggni.

Þóknanir fyrir setu í umhverfis- og framkvæmdaráði eru ákvarðaðar í *samþykkt um starfskjör kjörinna fulltrúa í Múlapingi* og fjárhagsáætlun hvers árs. Ekki er greidd þóknun til fulltrúa með seturétt.

#### 12. gr.

##### **Um samstarf við heimastjórnir.**

Umhverfis- og framkvæmdaráð skal eiga í nánú samstarfi við heimastjórnir Borgarfjarðar, Djúpavogs, Fljótshálsdalshéraðs og Seyðisfjarðar um verkefni á málavíði heimastjórna í samræmi við ákvæði 48. gr. í *samþykkt um stjórn Múlapings* og *viðauka I* við samþykktina.

- Heimastjórn afgreiðir, eftir umfjöllun umhverfis- og framkvæmdaráðs, tiltekin verkefni skipulagslaga nr. 123/2010 án staðfestingar sveitarstjórnar, sbr. 2. mgr. 6. gr. skipulagslaga, þ.m.t. deiliskipulag á hafnarsvæðum.

- Heimastjórn afgreiðir tiltekin verkefni laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 án staðfestingar sveitarstjórnar.
- Heimastjórn fer með verkefni náttúruverndarnefndar skv. 14. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.
- Heimastjórn skal fá til umsagnar tillögur um breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins, innan sinna staðarmarka.
- Heimastjórn veitir umsögn um tiltekin hafnamál til umhverfis- og framkvæmdaráðs, svo sem að veita leyfi til starfsemi á hafnarsvæði og ákvarðanir um bann eða takmörkuð afnot hafnarsvæðis fyrir starfsemi sem hún telur torvelða eðlilega hafnarstarfsemi.

Hafi umhverfis- og framkvæmdaráð til umfjöllunar tillögu um veigamiklar breytingar grunnþjónustu sem varðar eitthvert heimastjórnarsvæða sveitarfélagsins, skal leita umsagnar viðkomandi heimastjórnar áður en tillögu er vísað til afgreiðslu.

13. gr.

**Gildistaka.**

Erindisbréf þetta er sett með heimild í 48. gr. *samþykktar um stjórn Múlapings* nr. 1042/2020.

Samþykkt á 3. fundi sveitarstjórnar Múlapings þann 11.11. 2020.